

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 2006 í máli nr. E-1705/2006:

Eignasaga - Traust ehf.

(Einar Gautur Steingrímsson hrl.)

gegn

Magneu Ólafsdóttur

(Ólafur Thoroddsen hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. október sl. að loknum munnlegum málflutningi, var höfðað með stefnu birtri 16. mars sl. af Eignasögu – Traust ehf., Kringlunni 4-6, Reykjavík, á hendur Magneu Ólafsdóttur, Hvassaleiti 38, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði dæmd til að greiða honum 1.199.549 krónur auk vanskilavaxta á ári samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. nóvember 2005 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og að henni verði ákveðinn málskostnaður að viðbættum virðisaukaskatti.

Yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni

Stefnandi hefur höfðað málið til innheimtu skuldar samkvæmt skjálfskuldarábyrgð stefndu á skuldabréfi, útgefnu 16. janúar 2003 af Plena ehf. til stefnanda, að fjárhæð 1.000.000 króna. Skuldina skyldi greiða með 24 mánaðarlegum afborgunum og vextir reiknast frá 1. janúar 2003, 15% á mánuði, þó aldrei lægri en hæstu vextir Búnaðarbanka Íslands hf. Stefnandi framseldi Búnaðarbankanum skuldabréfið 7. maí 2003 en leysti það til sín þegar vanskil höfðu orðið á greiðslum 3. nóvember 2005 með því að greiða eftirstöðvar skuldarinnar, 1.199.549 krónur.

Stefnda telur skuldina greidda með veðskuldabréfi útgefnu 23. mars 2004 en óumdeilt er að samkomulag var um að andvirði veðskuldabréfsins yrði ráðstafað til greiðslu skuldarinnar samkvæmt skuldabréfinu, sem er nr. 200434, og skuldar samkvæmt öðru skuldabréfi, nr. 200433.

Deilt er um það í málinu hvort þar hafi verið um fullnaðargreiðslu að ræða á skuldinni samkvæmt skuldabréfi nr. 200434. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að aðeins hafi verið um innborganir að ræða en ekki fullnaðargreiðslu. Stefnda heldur því hins vegar fram að samið hafi verið um að með veðskuldabréfinu hefði farið fram fullnaðargreiðsla á skuldum samkvæmt skuldabréfunum tveimur. Óumdeilt er að áritun á veðskuldabréfið, sem vísað er til af hálfu stefnda, er frá lögmanni hennar komin, en fyrir móttöku og staðfestingu á að andvirðið greiðist til bankans vegna skuldabréfanna tveggja, nr. 200433 og 200434, er kvittað af umboðsmanni stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst hafa leyst til sín umrætt skuldabréf, gefið út í Reykjavík 16. janúar 2003 af Plenu ehf. til stefnanda en framselt af honum til Búnaðarbanka Íslands 7. maí 2003, með því að greiða bankanum 1.199.549 krónur 3. nóvember 2005. Stefndu beri að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð en hún hafi tekist á hendur sjálf-skuldarábyrgð og gefið það loforð að ábyrgjast að skaðlausu in solidum með útgefanda að skuldabréfið yrði greitt. Bréfið hafi lent í vanskilum og hafi stefnandi greitt það upp með framangreindri fjárhæð til bankans, sbr. kvittun 3. nóvember 2005. Innheimtuaðgerðir á hendur stefndu hafi ekki borið árangur og því hafi verið nauðsynlegt að höfða málið.

Stefnda hafi sönnunarbyrðina fyrir því að samningur hefði tekist um að veðskulda bréfið frá 23. mars 2004 hafi verið fullnaðargreiðsla á skuldabréfum nr. 200433 og 200434. Þetta sé ósannað og gögn málsins bendi ekki til að þetta hafi verið með þessum hætti. Stefnandi hafi tekið við veðskuldabréfinu og þá hafi aðeins verið samið um að andvirði þess færi til greiðslu á skuldabréfunum tveimur og hafi það gengið eftir en þær greiðslur hafi ekki nægt til að greiða skuldina samkvæmt skulda bréfi nr. 200434 að fullu. Þarna hafi því ekki verið um fullnaðargreiðslu að ræða.

Málsástæður og lagarök stefndu

Stefnda heldur því fram að skuldabréfið sem stefnandi leysti til sín hafi verið að fullu greitt og hafi stefnanda borið að afhenda það. Af hennar hálfu er vísað til áritunar á veðskuldabréfið en þar komi fram að það hafi verið móttakið 26. apríl 2004 og að skuldabréfin tvö, sem tilgreind séu á bakhlið veðskuldabréfsins, verði greidd upp og afhent Plena efh. Staðan á þeim bréfum hafi þá legið fyrir og veittur hafi verið afsláttur af skuldinni þannig að um fullnaðargreiðslu hafi verið að ræða með afhendingu veðskuldabréfsins. Þetta telji stefnda að komi ótvírætt fram af áritunum á veðskuldabréfið og því sem þar sé vísað til. Stefnda verði ekki krafín um greiðslu á skuld sem þegar hafi verið greidd.

Niðurstöður

Óumdeilt er að stefnandi leysti til sín skuldabréfið, sem krafa hans í málinu er byggð á, með greiðslu að fjárhæð 1.199.549 krónur 3. nóvember 2005. Einnig er óumdeilt að andvirði veðskuldabréfsins frá 23. mars 2004 nægði ekki til að greiða skuldina samkvæmt umræddu skuldabréfi að fullu þegar skuldin samkvæmt veð skuldabréfinu var greidd upp við sölu veðsins. Þótt stefnandi hafi tekið við veð skuldabréfinu og staðfest að andvirði þess skyldi ráðstafað til greiðslu á skulda bréfunum tveimur nr. 200434 og 200433 verður ekki talið að ótvírætt hafi komið fram af hans hálfu að hann myndi ekki innheimta skuldina frekar fengist hún ekki greidd af andvirði veðskuldabréfsins enda verður það ekki nægilega skýrt ráðið af því sem fram hefur komið í málinu, þar með talið áritunum á veðskuldabréfið sem vísað er til af hálfu stefndu. Með þessu verður að telja að stefnda hafi ekki sýnt fram á að um fullnaðargreiðslu hafi verið að ræða þegar veðskuldabréfið var afhent stefnanda eins og haldið er fram af hennar hálfu að þá hafi verið samið um. Ber því að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndu til að greiða skuldina, sem er að öðru leyti óumdeild, ásamt dráttarvöxtum eins og krafist er.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, Magnea Ólafsdóttir, greiði stefnanda, Eignasögu – Traust ehf., 1.199.549 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 3. nóvember 2005 til greiðsludags og 200.000 krónur í málskostnað.

Sigríður Ingvarsdóttir.